

MARS

Á SÖFNUM DALVÍKURBYGGÐAR OG MENNINGARHÚSINU BERGI

1. MARS kl. 16:00-18:00 HAMINGJUSTUND á Café Aroma

1. MARS kl. 18:00 PÍANÓ TÓNLEIKAR

Píanóleikarinn og tónskáldið Þórir Hermann Óskarsson frumflytur 12 glænýjar og frumsamdar prelúdíur fyrir píanó. Einnig verða til sölu glænýjar bækur sem innihalda nótur af þessum 12 prelúdíum. Missið ekki af þessu. **Café Aroma opið!**

FRÍTT INN

8. MARS kl. 20:00 PUB-QUIZ & HAMINGJUSTUND

Patti snýr aftur í Berg með PubQuiz!

1000 króna þáttökugjald.

Hamingjustund á Café Aroma frá 17:30 - 19:30



8. MARS

Alþjóðlegur dagur kvenna.
Sýning í glerskáp
bókasafnsins að því tilefni.

9. MARS kl. 14:00 LISTASÝNING LEIKSKÓLABARNA DALVÍKURBYGGÐAR

Þennan laugardag lítur leikskólasýningin dagsins ljós. Efsta deild leikskóla í Dalvíkurbyggð hefur unnið hörðum höndum að sýningunni og hafa skoðað verk Brimars, myndmál þeirra og liti. Öll velkomin á hátíðaropnun kl. 14:00 - 16:00

14. MARS kl. 19:30 - 20:30 KVÖLDOPNUN / CAFÉ LINGUA

Hefuru heyrt um konuna sem lærði nýtt tungumál á einni viku án þess að hafa stúderað það?

Ekki við heldur, enda gerðist það ekki... **Café Lingua**, samstarfsverkefni bókasafnsins og Rökstóla, á kvöldopnun í Bergi. Smíðja sem hjálpar þér að brjóta niður mýtur sem hindra þig frá að læra tungumál.

Helsta auðlind bæjarfélagsins er fólkið og fjölbreytileikinn. Þetta er fullorðinssmíðja, en börn velkomin með forráðamönnum.

AROMA ER OPIÐ Á KVÖLDOPNUN!

HÚSIÐ ER OPIÐ TIL 21:00

15. MARS kl. 20:00

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON UPPISTAND

Pétur Jóhann mætir með splunkunýtt efni þar sem hann fer um víðan völl og lætur gamminn geysa! Ef þér finnst gaman að hlæja þá er þetta málið. Það komust færri að en vildu á síðasta uppistand Péturs í Bergi!

Forsala miða hefst föstudaginn 1. mars í Bergi.

Miðaverð: 4.990 í forsölu // 6.500 við innganginn

ATH - 16 ára aldurstakmark! ^^^^



28. MARS kl. 21:00 STEBBI OG EYFI TÓNLEIKAR

Það er ansi langt síðan Stebbi og Eyfi heimsóttu Dalvík, en á þessum tónleikum munu þeir flytja rjómann af því sem þeir hafa fengist við í tónlist undanfarna áratugi, bæði saman og í sitthvoru lagi ásamt því að spjalla á léttum nótum við tónleikagesti. Dregið verður úr aðgöngumiðum og fjölmargir heppnir gestir fá páskaegg frá Góu!

MIÐAVERÐ:
KR. 4.900-

30. MARS

kl. 13:00-14:00

PÁSKAFÖNDUR

fyrir krakka á
öllum aldri!



OPNUNARTÍMAR HÚSSINS:

VIRKIR DAGAR: 11:00 - 17:00

LAUGARDAGAR: 13:00 - 16:00

SUNNUDAGAR: LOKAÐ

PÁSKAOPNUN Á BÓKASAFNI:

28. mars (Skírdagur): LOKAÐ

29. Mars (Föstudagurinn Langi): LOKAÐ

30. mars: 13:00-16:00

31. Mars (Páskadagur): LOKAÐ

1. Apríl (Annar í Páskum): LOKAÐ

PÁSKARDAGUR 2024:

31. MARS

Fylgist með
opnunartímum
Café Aroma á
samfélagsmiðlum
kaffihússins